

Sþ.

560. Nefndarálit

[59. mál]

um till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni þroskaheftra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan felur það í sér, að ríkisstjórnin láti undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um heildarskipulag varðandi öll málefni þroskaheftra.

Hliðstæð tillaga var flutt á síðasta þingi og var allsherjarnefnd þá sammála um að vísa henni til ríkisstjórnarinnar, þar sem upplýsingar bárust um að viðkomandi ráðuneyti hefðu málefni vangefinna til endurskoðunar. Nefndarálit þar að lútandi náði ekki afgreiðslu þingsins.

Á s. l. vetri var leitað umsagnar eftirtalinna aðila: menntamálaráðuneytis, heilbrigðismálaráðuneytis, Félags þroskaþjálfara, Styrktarfélags vangefinna, en svör bárust ekki frá Félagi þroskaþjálfara og menntamálaráðuneyti.

Þær umsagnir, sem bárust, voru hafðar til hliðsjónar þegar allsherjarnefnd kynnti sér tillöguna nú. Jafnframt voru ráðuneytisstjórar menntamálaráðuneytis, heilbrigðismálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis kvaddir á fund nefndarinnar. Einnig mætti Magnús Magnússon sérkennslufulltrúi. Eftirfarandi upplýsingar komu fram:

Í grunnskólalögum, nr. 63/1974, er mörkuð stefna í sérkennslumálum. Innan skamms mun verða gefin út reglugerð skv. lögunum, sem ráðgert er að feli einnig í sér endurskoðun á ákvæðum reglugerðar nr. 199/1972, sem sett var samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 53/1967, um fávítastofnanir.

Hinn 14. maí 1975 gerði Alþingi svofellda ályktun um sérkennslumál:

„Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt, að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.“

Á fjárlögum fyrir árið 1977 var veitt fé til launa sérkennslufulltrúa. Hefur Magnús Magnússon skólastjóri verið settur sérkennslufulltrúi og tók hann til starfa 3. janúar 1977.

Á síðasta vetri ákváðu þrjú ráðuneyti að skipa nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði laga um heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmál og fleira er varðar þroskaheftra. Nokkuð dróst að nefndin yrði skipuð, en í nóvember í haust voru þeir Sverrir

Bjarnason, Jón Ólafsson og Hjálmar Vilhjálmsson skipaðir í umrædda nefnd og er sá síðast taldi formaður hennar. Erindisbréf formanns nefndarinnar er svo hljóðandi:

„Þér eruð hér með skipaður í nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði laga um heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmál og fleira er varðar þroskahefta.

Hafa ber í huga jöfnum höndum samræmingu, breytingu einstakra laga og heildarskipan eftir því sem við þykir eiga að athuguðu máli. Æskilegt er að nefndin leiti áhlits áhugahópa og sérfræðinga.

Með yður í nefndinni eiga sæti Sverrir Bjarnason læknir, tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu, og Jón Ólafsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu. Yður ber að kveðja nefndina saman til fyrsta fundar.“

Þá er þess að geta, að viðkomandi ráðuneyti hafa komið sér saman um skipan vinnunefndar á vegum ráðuneytanna, sem mun hafa náin samráð um málefni þroskaheftra.

Eins og fram kemur í þessari upptalningu hefur ýmislegt verið aðhafst er varðar málefni þroskaheftra, sem beinist að því að samræma ákvæði laga og reglugerða og samhæfa og flýta meðferð mála hjá hlutaðeigandi ráðuneytum.

Meðal almennings er vaxandi skilningur á málefnum þroskaheftra, og það er eindreginn vilji þingmanna að styðja þetta góða málefni og það göfuga starf, sem lagt er fram, ekki síst af áhugasamtökum.

Vissir erfiðleikar eru á því að færa þau málefni, er varða þroskahefta, undir eitt ráðuneyti, og ekki er víst, að heildarlöggjöf leysi þann vanda, sem talað er um. Það ber þó að athuga, og með hliðsjón af nefndarskipan menntamálaráðuneytis og öðrum þeim aðgerðum, sem að framan eru raktar, leggur allsherjarnefnd til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. apríl 1977.

Ellert B. Schram,
form., frsm.

Jónas Árnason,
með fyrirvara.

Jón Helgason,
fundaskr.

Lárus Jónsson.
Magnús T. Ólafsson.

Ólafur G. Einarsson.

Jón Skaftason.